

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

4. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 16. apríl 1993 og hófst hann kl. 14:00.

Mættir voru: Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergson, Kristmundur Halldórsson, Sigfús Guðmundsson, Stefán Bjarnason, Sigurgeir Bárðarson, Águst Oddsson og framkvæmdastjóri L.H. Sigurður Þórhallsson.

Formaður L.H. Guðmundur Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

DAGSKRÁ.

1. Reiðvegafé 1993.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerð ríkisins er ráðgert að fjárveiting til L.H. til reiðvegagerðar á árinu 1993 verði sjö milljónir króna. Mun reiðveganefnd L.H. gera tillögu um úthlutun til einstakra félaga L.H. strax og tilkynning berst um endanlega upphæð.

2. Tölvumál.

Framkvæmdastjóri L.H. gerði grein fyrir nýju tölvuforriti skrifstofunnar, sem notað verður til að bæta upplýsingar félagaskrár samtaka hestamanna.

3. Námskrá í reiðkennslu.

Fundurinn telur eðlilegt að skipa nefnd sem vinni að gerð námskrár í reiðkennslu. Eftirtaldir eru tilnefndir af stjórn L.H. í nefndina: Ingimar Sveinsson formaður, Erling Sigurðsson, Eyjólfur Ísólfsson, Ásdís Ingimarsdóttir. Þá ákvað fundurinn að óska eftir því við Dómarafélag L.H. að það tilnefni einn fulltrúa í nefndina.

4. Bréf til hestamannafélaga vegna Hestsins okkar.

Framkvæmdastjóri L.H. gerði grein fyrir bréfi sem sent verður til allra hestamannafélaga innan L.H. Í bréfinu kemur fram að Hesturinn okkar verði áfram gefinn út af Landssambandinu, en leigusamningur um útgáfu blaðsins hefur verið framlengdur um eitt ár. Ráðgert er að 6 blöð komi út á þessu ári.

5. Nefndarstarf um kosti og galla þess að sameina L.H. og HÍS.

Stjórn L.H. skipaði eftirtalda í milljögunaefnd til að vinna þetta verkefni: Guðmund Jónsson, Kristmund Halldórsson, Sigfús Guðmundsson, Guðbrand Kjartansson, Jón Albert Sigurbjörnsson og Jóhann Albertsson.

Nefndin lagði fram áfangaskýrslu sína á fundinum. Í skýrslunni tíundar nefndin kosti og galla þess að sameina L.H. og HÍS í ein heildarsamtök hestamanna. Ýmislegt kemur í ljós sem mælir bæði með og á móti sameiningu eins og segir í skýrslunni (sjá áfangaskýrslu). Í lok skýrslunnar segir m.a. "Hjá okkur í nefndinni eru skiptar skoðanir, sumir segja að þessi samtök bæði þurfi að vera til a.m.k. enn um sinn, en mjög nauðsynlegt er, að

þau vinni náið og vel saman í framtíðinni hestamönum til handa.

Aðrir segja að við þurfum að drífa okkur strax í sameiningu, því annnars vöknum við upp einn góðan veðurdag við það, að stór hluti hestamanna er farinn úr L.H. því að þeir hafi ekki efni á að vera þar lengur".

Miklar umræður urðu um skýrsluna á breiðum grundvelli. Eins og segir í skýrslunni hefur nefndin lokið umfjöllun sinni um málið að sinni og sent frá sér sameiginlegar niðurstöður og greinargerð, sem allir nefndarmenn hafa undirritað.

Álit nefndarinnar verður sent öllum aðildarfélögum L.H. til kynningar og er ætlast til að þau taki afstöðu til málsins og skili álti til skrifstofu L.H. fyrir 1. júní n.k.

6. Starfskraftur við reiðvegaáætlun - starfssamningur.

Sigríður Sigþórsdóttir kom nú á fundinn og gerði grein fyrir fyrirhugaðri vinnu sinni varðandi gerð reiðvegaáætlunar fyrir L.H. Lagði hún fram skrifleg gögn máli sínu til stuðnings. Stjórninni leist vel á hugmyndir hennar varðandi tilhögun vinnunnar. Gerir hún m.a. ráð fyrir að ferðast um landið á sumri komandi, hitta stjórnir hestamannafélaga og vinna tillögur sínar í samráði við trúnaðarmenn L.H. í kjördænum landsins. Trúnaðarmenn þessir voru á sínum tíma skipaðir af stjórn L.H. sem tengiliðir hestamanna og Vegagerðar á hverjum stað. Fundurinn felur skrifstofu L.H. að senda trúnaðarmönum og formönum hestamannafélaganna bréf sem allra fyrst og kynna þeim fyrirhugaða vinnu Sigríðar. Þá felur fundurinn formanni og gjaldkera að ganga frá fyrirliggjandi starfssamningi við hana.

7. Ný vegalög.

Nokkrar umræður urðu um málið. Nauðsynlegt er að L.H. sendi umsögn um frumvarpið til Alþingis. Guðbrandi og Kristmundi falið að ganga í þetta verk, þannig að umsögn frá L.H. komi til Alþingis áður en frumvarpið yrði þar til umræðu. Einnig var rætt um að tala við einstaka alþingismenn um málið og hyggja að réttarstöðu hestamanna í lögnum.

8. Samstarf L.H. og HÍS um skrifstofu og þjónustu.

Framkvæmdastjóri L.H. gerði grein fyrir samstarfi um rekstur skrifstofu og þá þjónustu sem L.H. lætur HÍS í té í gegnum skrifstofurekstur sinn.

Á fundi stjórnar L.H. þann 20. nóv. 1992 voru tilnefndir úr stjórn L.H. til viðræðna um þessi mál þeir: Guðmundur, Kristmundur og Sigmundur.

Viðræður hafa farið fram á milli L.H. og HÍS og rætt um að HÍS greiddi til L.H. kr. 600.000 fyrir þjónustu skrifstofunnar á árinu 1993. Fundurinn leggur til að fulltrúar L.H. gangi frá þessu máli samkvæmt ofnanrituðu.

9. Æskulýðsmál.

Æskulýðsfulltrúi L.H. Ásdís Ingimarsdóttir kom nú á fundinn og kynnti fund sem hún sat í Fredensborg í Danmörku 27. mars s.l. Á þessum fundi var m.a. fjallað um möguleika á samstarfi norrænna landa að æskulýðsmálum hestamanna og með hvaða hætti slíkt samstarf gæti farið fram. Æskulýðsnefnd L.H. og HÍS hafa fjallað um niðurstöður fundarins í Danmörku. Nefndin

hefur ákveðið að kanna leiðir til að halda fund fyrir norræna ráðið hér á landi í maí 1993. Norrræna ráðið er skipað einum fulltrúa frá hverju norðurlandanna. Ásdís óskaði eftir því við stjórn L.H. að hún styrkti fjárhagslega fyrrnefndan fund.

10. Bréf hreppsnefndar Kjalarnefshrepps.

Samgönguráðuneytið sendir L.H. til umsagnar bréf frá hreppsnefnd Kjalarnefss. Í bréfinu kemur fram ósk hreppsins til samgönguráðuneytis um framlag til reiðvegagerðar um Kjalarnefss að upphæð kr. 1.000.000 Fundurinn styður ósk hreppsins hvað varðar umbeðna fjárveitingu til reiðvegagerðar á Kjalarnefss en tekur fram að þessi stuðningsyfirlýsing byggist á því að reiðvegafé L.H. á árinu 1993 kr. 7.000.000 skerðist ekki af þessum sökum.

11. Önnur mál.

A) Formaður kynnti bréf Landverndar. Í bréfinu er L.H. boðið að sitja ráðstefnu sem haldin verður á Hótel Loftleiðum 24. apríl n.k.

Að ráðstefnunni standa auk Landverndar, Ferðafélag Íslands, Landssamband stangveiðifélaga o.fl. Stjórnin telur sjálfsgagt að þiggja boðið og senda fulltrúa sinn á ráðstefnuna.

B) Formaður kynnti fréttabréf Félags hrossabænda.

C) Formaður kynnti bréf frá fjárlaganefnd Alþingis, þar kemur fram að fjárlaganefnd Alþingis hefur ákveðið að styrkur til L.H. á árinu 1993 verði kr. 1.000.000. Þessi styrkur er einkum ætlaður til æskulýðsstarfs samtakanna.

Fleira ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson

Sigbjörn Björnsson

Guðbrandur Kjartansson

Águst Oddsson

Sigfús Guðmundsson

Jón Bergsson

Sigurgeir Bárðarson